



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 6. apríl 2021
2103786/610.00 AKG

Efni: Dalvegur 4, Saffran. Umsögn vegna nýs rekstrarleyfis fyrir veitingastað.

Með bréfi, dags. 18. mars 2021 óskaði Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu eftir umsögn Kópavogsbæjar um umsókn Gleðiheima ehf., kt. 681015-3610, um nýtt rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, að Dalvegi 4, 201 Kópavogi, skv. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. gr. rgl. nr. 1277/2016.

Samkvæmt 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 staðfestir sveitarstjórn, sem umsagnaraðili, að staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um. Um afgreiðslutíma áfengis vísast til lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ nr. 675/2015. Er um að ræða rekstur veitingahúss að Dalvegi 4 á svæði sem er skilgreint verslunar- og þjónustusvæði skv. aðalskipulagi.

Staðsetning er í samræmi við gildandi skipulag og opnunartími er í samræmi við ákvæði 2. mgr. 25. gr. lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ nr. 675/2015. Rekstrarleyfið samrýmist því skipulagi á umsóttu svæði.

Með tilliti til alls framanritaðs mælir undirrituð með að veitt verði jákvæð umsögn.

Virðingarfyllt,

Anna Kristín G.
f.h. lögfræðideildar Kópavogs
Anna Kristín Guðmundsdóttir
lögfræðingur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026